

Borgarstjórn Reykjavíkur

1. mars 2016

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um heildstæða stefnu í aðgengismálum

Lagt er til að stofnaður verði stýrihópur sem marka skal heildstæða stefnu um aðgengismál í Reykjavík. Í hópnum sitji fulltrúar úr mannréttindaráði, umhverfis- og skipulagsráði og ferlinefnd fatlaðs fólks en með hópnum vinni starfsfólk frá mannréttindaskrifstofu, umhverfis- og skipulagssviði og velferðarsviði. Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. desember 2016.

Greinagerð

Samkvæmt samþykktri stefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2004 skal öll starfsemi Reykjavíkurborgar vera rekin í húsnæði sem er að fullu aðgengilegt hvort sem það er í eigu borgarinnar eða leiguhúsnæði. Þann 10. september sama ár skipaði borgarstjóri nefnd um aðgengismál fatlaðs fólks að stofnunum Reykjavíkurborgar og sneru verkefni nefndarinnar eingöngu að húsnæði og byggingum borgarinnar. Ný samþykkt fyrir ferlinefnd var samþykkt árið 2014 og starfar ferlinefnd samkvæmt henni.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg setji sér stefnu um aðgengi að borgarlandinu sem og alla innviði borgarinnar. Því er lagt til að borgin móti sér stefnu um algilda hönnun í borgarrýminu sem skal vera hönnunarforsenda við nýframkvæmdir og endurbætur. Sérstaklega þarf að huga að þegar byggðu umhverfi og líta í því tilliti til aðgengis að og í stofnunum borgarinnar sem og innviðum.

Einnig þarf að móta stefnu í því hvernig fara skal með byggingarleyfisskyldar breytingar á þegar byggðu húsnæði og hvernig skuli taka á aðgengismálum þegar ákveði byggingareglugerðar geta ekki verið uppfyllt.

Á grundvelli stefnunnar skal unnin innleiðingaráætlun þar sem sett fram eru mælanleg markmið.